

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

- Deiliskipulag Hvítárbrautar 7-17, 19a, b og c og 21 í landi Vaðness.*  
Deiliskipulagið nær yfir 10 ha svæði og sýnir 10 lóðir. Á svæðinu eru í dag 8 lóðir en ekkert deiliskipulag í gildi. Samkvæmt skipulaginu stækkar lóð nr. 15 úr 3.000 m<sup>2</sup> í 6.000 m<sup>2</sup> og í staðinn minnkar lóð nr. 17 úr 10.600 m<sup>2</sup> í 7.600 m<sup>2</sup>. Þá er gert ráð fyrir að lóð nr. 19 sem í dag eru rúmir 3 ha verði skipt í þrjár lóðir. Á hverri lóð má reisa allt að 250 m<sup>2</sup> frístundahús og allt að 40 m<sup>2</sup> aukahús, þó þannig að nýtingarhlutfall fari ekki upp fyrir 0,03.  
Samþykkt í sveitarstjórn 5. desember 2012.  
Samsvarandi deiliskipulag var samþykkt í sveitarstjórn 18. ágúst 2010 og birtist auglýsing um gildistöku þess í B-deild Stjórnartíðinda nr. 447 29. apríl 2011. Það deiliskipulag er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrjú mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.
- Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Norðurkots.*  
Í breytingunni felst m.a. að hámarksnýtingarhlutfall lóða verður 0,03 með þeirri undantekningu að á lóðum sem eru 0,4 ha eða minni, miðast hámarksbyggingarmagn við 120 m<sup>2</sup>. Á hverri lóð má auk frístundahúss reisa tvö aukahús allt að 40 m<sup>2</sup>.  
Samþykkt í sveitarstjórn 5. desember 2012.  
Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 17. ágúst 2011 og birtist auglýsing um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda nr. 488 7. júní 2012. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrjú mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.
- Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Farborga í landi Miðengis.*  
Í breytingunni felst að þakhalli má vera á bilinu 0-45 gráður í stað 14-30 gráður.  
Samþykkt í sveitarstjórn 5. desember 2012.  
Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 18. ágúst 2010 og birtist auglýsing um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda nr. 57 27. janúar 2011. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrjú mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.
- Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Miðborga í landi Miðengis.*  
Í breytingunni felst að þakhalli má vera á bilinu 0-45 gráður í stað 14-60 gráður.  
Samþykkt í sveitarstjórn 5. desember 2012.  
Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 18. ágúst 2010 og birtist auglýsing um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda nr. 57 27. janúar 2011. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrjú mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.
- Breyting á deiliskipulagi Sólheima, Hrísrú 1.*  
Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir nýrri íbúðarhúsaloð við Hrísrú. Íbúðarhúsið má vera tvær hæðir og heimilt er að byggja allt að 30 m<sup>2</sup> bílskýli og 30 m<sup>2</sup> gróðurhús.  
Samþykkt í sveitarstjórn 5. desember 2012.  
Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 6. október 2010 og birtist auglýsing um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda nr. 192 2. mars 2011. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrjú mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.

6. *Deiliskipulag frístundalóða við Setberg í landi Nesja.*  
Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir tveimur frístundalóðum þar sem heimilt er að reisa allt að 300 m<sup>2</sup> frístundahús og allt að 40 m<sup>2</sup> aukahús. Heimilt er að hafa svefnloft og kjallara undir húsum þar sem aðstæður leyfa.  
Samþykkt í sveitarstjórn 5. desember 2012.  
Samsvarandi deiliskipulag var samþykkt í sveitarstjórn 6. október 2010 og birtist auglýsing um gildistöku þess í B-deild Stjórnartíðinda nr. 192 2. mars 2011. Það deiliskipulag er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrjú mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.
7. *Breyting á skilmálum frístundabyggðar við Árveg 1-12 úr landi Kringlu II.*  
Í breytingunni felst að heimilt verður að reisa allt að 500 m<sup>2</sup> frístundahús á hverri lóð og tvö allt að 40 m<sup>2</sup> aukahús. Þá er einnig gert ráð fyrir að efnisval húsa verði frjálst, leyfileg mænishæð frá jörðu verði 6 m og þakhalli á bilinu 0-45 gráður.  
Samþykkt í sveitarstjórn 5. desember 2012.  
Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 4. maí 2011 og birtist auglýsing um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda nr. 997 28. október 2011. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrjú mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.
8. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar við Baulurima úr landi Klausturhóla.*  
Í breytingunni felst að frístundalóðir eru sameinaðar og fækkar lóðum úr 13 í 4. Hámarksstærð frístundahúsa er 300 m<sup>2</sup> auk 40 m<sup>2</sup> svefnhúss eða gróðurhúss. Hámarksnýtingarhlutfall er 0,03.  
Samþykkt í sveitarstjórn 5. desember 2012.  
Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 18. ágúst 2010 og birtist auglýsing um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda nr. 57 27. janúar 2011. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrjú mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 2. maí 2013.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**